

Sp. 61. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson, Guðmundur Ágústsson,
Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við borgaryfirvöld í Reykjavík um að ítarlegar rannsóknir fari fram á áhrifum byggingar ráðhúss í Tjörninni á lífríki hennar áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971.

Greinargerð.

Reykjavíkurborg hefur ekki af að státa fornum, sögufrægum byggingum eins og flestar höfuðborgir Evrópu. En það sem á skortir um fornminjar bæta náttúruminjar hennar upp. Ein þeirra, og sú sem næst stendur hjarta hvers einasta Reykvíkings, er Tjörninn og Vatnsmýrarsvæðið með því iðandi fuglalífi sem ungir og aldnir borgarbúar líta á sem órjúfanlegan þátt daglegs lífs í borginni.

Það má því ljóst vera að Reykvíkum er annt um að Tjörninn og fuglalífið þar fái að þrífast og að ekkert það verði gert sem stefni lífríki hennar í hættu. Nú stendur fyrir dyrum að hefja byggingu ráðhúss Reykvíkings og ljóst er að við þær framkvæmdir verður veruleg röskun á Tjarnarsvæðinu þar sem húsið verður byggt út í Tjörnina. Þarf vafalítið að þurrka upp stórt svæði í Tjörninni meðan á framkvæmdum stendur.

Ekkert skal um það sagt hver áhrif þessar framkvæmdir hafa á Tjarnarsvæðið enda hafa engar rannsóknir verið gerðar á því. Flutningsmenn þeirrar tillögu, sem hér er lögð fram, vilja með henni benda á að samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, ber borgaryfirvöldum að leita álits Náttúruverndarráðs á því þar sem Tjörninn og Vatnsmýrin eru á náttúruminjasrá.

Í 29. gr. náttúruverndarlaganna segir svo:

„Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merktum náttúruminum verði spillt eða hættu á mengun lofts og lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmíðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.“

Í 36. og 37. gr. reglugerðar nr. 205/1973, um náttúruvernd, er þetta ákvæði ítrekað.

Ljóst er að álits hefur ekki verið leitað hjá Náttúruverndarráði. Tillaga um samkeppni um hönnun ráðhússbyggingar var samþykkt í borgarstjórn á sl. ári og hún auglýst. Í hönnunargögnum var þátttakendum gert að hafa húsið við Tjörnina, en um byggingarstað þess var ekki bókað sérstaklega. Í umræðum í borgarstjórn mun hafa verið rætt um þennan stað og í Kvosarskipulaginu er gert ráð fyrir ráðhúsi á þeim stað sem nú er ákveðinn, en full ástæða hefði verið til að hafa atkvæðagreiðslu um staðsetninguna svo að formlega væri frá því gengið, en það var aldrei gert. Samkeppnin fór síðan fram og verðlaun voru veitt. Hinn 15. september sl. var tillaga borin fram í borgarráði um að byggt skyldi ráðhús eftir tillögu þeirri sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni og afgreiðslu hennar vísað til borgarstjórnar. Þar varð ágreiningur um málið og lagði einn minnihlutaflokkurinn, Alþýðubandalagið, til að fram færi almenn atkvæðagreiðsla í borginni um byggingu hússins og staðsetningu þess en Alþýðuflokkurinn og Kvænnafrjálfarinn vildu að aðrar framkvæmdir hefðu forgang. Ekkert tillit var tekið til vilja minnihlutaflokkanna og tillaga meiri hlutans var síðan samþykkt á fundi borgarstjórnar 1. október sl.

Það hlýtur að vekja undrun að svo afdrifarík framkvæmd skuli ákveðin að svo lítt athuguðu máli og án þess að gætt hafi verið lagalegrar skyldu borgaryfirvalda. Á náttúruverndarþingi, sem haldið var 23.–25. október sl., var samþykkt ályktun sem er mjög í anda þeirrar tillögu sem hér er flutt. Var hún svohljóðandi:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 vekur athygli á því að mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki og næringarefna- og vatnsmýrskap Reykjavíkurtjarnar. Telur þingið ástæðu til að vara við stórfamkvæmdum í Tjörninni og á vatnasviði hennar áður en áhrif þeirra á lífríkið hafa verið metin.“

Það hlýtur að vera krafa Reykvíkinga, og raunar landsmanna allra, að svo afdrifaríkar framkvæmdir í hjarta höfuðborgar landsins fari þá fyrst af stað þegar lögum um náttúruvernd hefur verið framfylgt og öll aðgát hefur verið viðhöfð. Ef til röskunar kæmi á lífríki Tjarnarinnar, verður slíkt ekki bætt, ekki fremur en það líf sem eytt hefur verið verður aftur kveikt. Vísast er sú bygging, sem þarna er fyrirhuguð, hin fegursta, en tæplega verður hún yngstu borgurum Reykjavíkur sá gleðigjafi sem fuglalífið á Tjörninni hefur verið þeim kynslóð fram af kynslóð. Því er það von flutningsmanna að Alþingi og borgaryfirvöld í Reykjavík taki höndum saman við Náttúruverndarráð um að sjá til þess að lífríki Tjarnarinnar verði í engu skert og framkvæmdir við ráðhússbyggingu fari ekki af stað fyrir en það hefur verið tryggt.

Fylgiskjal I.

Athugasemdir við deiliskipulag Kvosarinnar.

*Bréf Árna Einarssonar til borgarskipulags Reykjavíkur.
(28. mars 1987.)*

Undirritaður gerir athugasemd við fyrirhugaða byggingu ráðhúss við Tjörnina og í henni. Forsendurnar eru þessar:

1. Ráðhús af þeirri stærð sem um er rætt í samkeppnislýsingu (3375 m² auk bílageymslu) mun óhjákvæmilega gerbreyta þeirri samfelldu og stílfögru götummynd sem Tjarnargata, Vonarstræti og Frikirkjuvegur mynda. Ráðhúsið mun standa frammar í Tjörninni en flest önnur hús við hana og mun þess vegna verða yfirgnæfandi.
2. Á fyrri hluta aldarinnar var flatarmál Tjarnarinnar rýrt um fimmtung með uppfyllingum. Við byggingu ráðhússins mun verða gengið enn eitt skref á þeirri braut og engin trygging verður fyrir því að framhald verði ekki á þeirri þróun. Skerðing vatnsflatarins mun rýra fegurð Tjarnarinnar.
3. Skerðing Tjarnarbotnsins mun hafa neikvæð áhrif á fuglalífið. Á hverju ári klekjast við Tjörnina 500–600 andarungar. Þeir lifa fyrstu vikurnar á dýrum úr botnleðju Tjarnarinnar. Skerðing á botninum mun leiða til beinnar fækkunar anda.
4. Bílastæði af þeirri gerð, sem fyrirhuguð eru í húsinu, munu valda talsvert aukinni bílaumferð við Tjörnina. Slík aukning mun spilla þeirri friðsæld sem Tjörninn býr yfir.
5. Tjörninn skipar sérstakan sess í hugum borgarbúa. Hún er gluggi að hinni lifandi náttúru og þar fá menn tilfinningu fyrir gangi árstíðanna. Tjörninn er útivistarsvæði þar sem fjöldi manna kemur til að njóta þess unaðar sem landslag og fuglalíf veitir. Nauðsynlegar breytingar á umhverfi Tjarnarinnar eiga að vera í samræmi við þetta — auðvelda fólki að njóta hennar. Með byggingu ráðhúss í Tjörninni væri verið að ýta Miðbæjarbyggðinni enn frekar út í Tjörnina en orðið er og væri það í andstöðu við nýtingu Tjarnarinnar sem útivistarsvæðis.

Virðingarfyllst,
Árni Einarsson.

Fylgiskjal II.

Jóhann Óli Hilmarsson:

Tjörnin og fuglalífið.

Fáein kynningarorð í tilefni Náttúrufræðidagsins 26. apríl 1986.

Fuglalíf Reykjavíkurtjarnar er óvenjufjölbreytt ef höfð er í huga staðsetningin í miðju þéttbýli og þær þrengingar og áföll sem hún og nágrenni hennar hafa orðið fyrir á undangengnum áratugum. Að nokkru leyti hefur maðurinn lagst á sveif með náttúrunni við að auka tegundafjölbreytni og á það sérstaklega við um andfugla. Á undanförunum þremur áratugum hefur af og til verið reynt að fjölga ábúendum Tjarnarinnar af anda-, gæsa- og svanategundum með uppeldi þeirra þar og hafa endur af mývetnskum uppruna verið megin-tilraunadýrin. Ekki má þó gleyma upprunalegum innbyggjum eins og stökkönd og kríu eða síðari tíma landnemum svo sem hettumáfinum.

Tjörnin liggur í kvos milli Skólavörðuholtisins að austan og Brekkunnar að vestan, að norðanverðu var mjótt malarrif milli Tjarnar og sjávar, en að sunnanverðu allvíðáttumikið mýrlendi, Vatnsmýrin. Nú á tímum er Tjörnin um 9 hektarar að flatarmáli, dýpið er 40–60 cm víðast hvar, leir- eða leðjubotn er ríkjandi botngerð. Tjörninni hefur verið skipt í þrennt með uppfillingum, Norður-Tjörn, Suður-Tjörn og Þorfinnstjörn, en einnig hefur mikið verið fyllt upp í hana. Þrír hólmar eru í Tjörninni. Suður af Hringbraut hafa verið grafnar tvær litlar tjarnir, samtals um hektari að flatarmáli. Nefnast þær Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, eru tveir hólmar í þeirri fyrrnefndu. Þétt byggð umlykur Tjörnina á þrjá vegu, en að sunnanverðu er Hljómskálagarðurinn og í framhaldi af honum sunnan Hringbrautar eru leifarnar af Vatnsmýrinni. Hún er aftur leifarnar af víðáttumiklu mýrlendi sem náði suður af Tjörninni allt að Skerjafjarðarbyggðinni, austur undir Öskjuhlíð og vestur að Grímsstaðaholti. Þetta svæði hefur orðið fyrir mikilli röskun á þessari öld og á undanförunum árum hefur flugvallaryfirvöldum endanlega tekist að ganga frá mýrinni ef undan er skilinn skiki milli gömlu Njarðargötunnar og Norræna hússins. Hafa þau staðið fyrir þurrkun mýrarbletta og sléttun móa sem eru mikilvægar varpstöðvar Tjarnaranda auk fjölda mófugla. Framkvæmdir þessar gætu auk þess haft varanleg áhrif á vatnsbúskap Tjarnarinnar.

Skipulegar rannsóknir hafa farið fram á fuglalífi Tjarnarinnar síðan 1973. Alls er kunnugt um 96 fuglategundir sem sést hafa á svæðinu, sumar aðeins einu sinni, en aðrar eru algengari. Árlega sjást þar um 40–50 tegundir (flestar 56 árið 1979).


Af öndum eru æður (50–60 hreiður) og stökkönd (um 50 varppör) algengastar. Skúfönd og duggönd (10–20 hreiður hvor) ásamt gargönd (2–5 pör) eru einnig reglulegir varpfuglar. Stöku rauðhöfða- og húsandapör hafa reynt varp, en gengið illa að ná fótfestu sem reglulegir varpfuglar. Toppendur halda sig á Tjörninni á vorin, en ekki hefur varp þeirra verið staðfest þar. Endurnar yfirgefa flestar svæðið á haustin að undanskilinni stökköndinni sem dvelur þar vetrarlangt. Hópur skúfanda ásamt stöku æðarfuglum, rauðhöfðum og graföndum sjást þar stundum að vetrarlagi. Toppendur og gulendur auk fleiri tegunda voru áður algengir vetrargestir, en eftir að vakir á Þorfinns- og Vatnsmýrartjörnum hættu að haldast opnar, m.a. vegna framkvæmda í Vatnsmýrinni, hurfu þessar endur.

Grágæsir hófu varp að nýju á þessum áratug eftir nokkurt hlé, en 6–7 hreiður voru í Vatnsmýrinni sl. vor. Álftir verpa stöku sinnum í hólmunum. Hópar álfta og grágæsa eru viðloðandi Tjörnina allan veturinn og hefur vetursetuálftunum fjölgað mjög undanfarin ár.

Eins og fyrr segir er Vatnsmýrin langþýðingarmestu varpstöðvar flestra andanna, en þær verpa þar dreift, nema æðurin sem verpir í þéttum vörpum í hólmunum, auk stöku hreiðra í mýrinni. Þegar kollurnar hafa klakið egginn og leitt út unguna sækja fjölskyldurnar á tjarnirnar og lifa ungarnir fyrstu vikurnar nær eingöngu á rykmýslirfum og öðrum smádýrum sem þeir veiða í botnleðjunni. Er hún því undirstaða ungauppeldisins. Brauðgjafir skipta litlu máli fyrir unguna sem og fuglalífið almennt, en á vetrum leita endurnar fullfleygar og frjálsar sér ætis í fjörum í nágrenninu og koma á Tjörnina til baða, snyrtingar, hvíldar og mökunar. Helst er að jurtaætur eins og grágæsir og álftir fái undirstöðunæringu úr brauðinu.

Um 100–150 kríupör verpa í hólmunum, en mest er varpið í Norður-Tjörninni. Hettumáfurinn hefur átt erfitt uppdráttar sem varpfugl við Tjörnina vegna fordóma, en hefur nú væntanlega verið tekinn í sátt af borgaryfirvöldum og öðrum sem hlut eiga að máli. Eftir að hann hóf varp í hólum Vatnsmýrartjarnarinnar, en þar verpa nú um 60 pör, minnkuðu líkurnar á árekstrum við kríuna á Norður-Tjörninni. Hettumáfurinn ver varplönd sfn af litlu minna harðfyli en krían, svo að endur sækjast mjög eftir að verpa í návist hans. Ungarín stundar hann aðeins að litlu leyti.

Tjaldur, heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur voru til skamms tíma algengir varpfuglar í Vatnsmýrinni og stöku steindeplar, skógarþrestir og maríuerlur verpu þar einnig. Skógarþrestur og auðnutittlingur eru algengir varpfuglar í Hljómskálagarðinum, maríuerlur verpa í trjám og á mannvirkjum á Tjarnarsvæðinu og stari og húsdúfa á húsum í grenndinni. Ekki hefur þéttleiki mófuglanna verið kannaður síðan áður nefnd röskun átti sér stað í Vatnsmýrinni.



1. mynd. Afstöðumynd af Tjörninni.

Skýringar: 1. Norður-Tjörn (a stóri hólmi, b litli hólmi). 2. Suður-Tjörn. 3. Þorfinnstjörn (c Þorfinnshólmi). 4. Vatnsmýrartjörn (d stóri hólmi, e litli hólmi). 5. Hústjörn.

Fylgiskjal III.

Páll Líndal:

Tjörnin.

Tjörninn myndaðist í upphafi sem lón innan við malarkambinn þar sem Miðbærinn reis. Hún liggur milli hæðanna tveggja sem kenndar eru við *Landakot* og *Skólavörðu* og suður í *Vatnsmýrina*. Að norðan takmarkaðist hún af fyrrnefndum malarkambi eða eiði milli hennar og sjávar. Aðrennslissvæði Tjarnarinnar er aðallega úr Vatnsmýrinni, en mjög hefur á það svæði gengið vegna mannvirkjagerðar síðustu áratugi. Reynt er að bæta úr því eftir föngum. Úr Tjörninni rennur *Lækurinn* (Arnarhólslækur) til sjávar.

Tjörninn hefur tekið miklum breytingum síðustu hundrað árin. Fyrir þann tíma náði hún norður undir hússtæði *Alþingishússins*. Með gatnagerð hefur verið þrengt verulega að henni: *Tjarnargata*, *Vonarstræti*, *Frikirkjuvegur*. Þegar *Skothúsvegurinn* var lagður yfir Tjörnina og fyrri Tjarnarbrúin gerð um 1920 var henni í raun skipt í tvennt. Við gerð *Hljómskálagarðsins* snemma á þessari öld þrengdi enn að Tjörninni.

Upphaflega var Tjarnarhólminn aðeins lítið sker eða grjóthrúga, en á seinni hluta aldarinnar sem leið var hann hlaðinn upp og þakinn mold og torfi og þannig gengið frá að fuglar gætu hafst þar við. Í nyrðri hluta Tjarnarinnar er annar hólmur, en hann er gerður af manna höndum fyrir fáum áratugum.

Árið 1862 kom fram sú hugmynd í blaði einu í Reykjavík að gera skipalægi í Tjörninni og tengja það við sjó með skipaskurði gegnum Miðbæinn. Sigurður Guðmundsson málari lét sig og dreyma um slíka framkvæmd. Enn var fitjað upp á þessari hugmynd í einu Reykjavíkurblaði 1911.

Árið 1882 ritaði Luders nokkur múrarmeistari bréf til bæjarstjórnar og bauðst til að fylla upp í Tjörnina fyrir 7112,50 kr. Ekki þótti þetta þó meiri fjarstæða en svo að skipuð var nefnd bæjarfulltrúa til að kanna tilboðið, en ekki var því tekið.

Meðan Tjarnarhólmurinn var ekki orðinn það heimili fugla sem síðar varð voru uppi ýmsar hugmyndir um notkun hans. Þar var sett upp eins konar hringekja, mjög frumstæð, og notuð á vetrum þegar ís var á Tjörninni til að draga sleða kringum hólmann. Þótti það góð skemmtun að svífa um með þessum hætti. Sverrir Runólfsson steinhöggvari vildi fá heimild til að reisa veitingaskála í hólmanum og hugðist hann hafa brú þangað úr túninu í *Skálholtskoti*; fleira mætti nefna af slíku tagi.

Tjörninn hefur lengi verið mikið notuð til skautiferða og er svo enn. Þá var Tjörninn einnig notuð nokkuð til siglinga en aldrei kvæð þó mikið að bátsferðum þar. Skömmu eftir 1950 var leitað eftir heimild yfirvalda til að láta fara þar fram kappróður en það leyfi fékkst ekki. Jónassen landlæknir, sem var búmaður mikill og hafði allstórt land í Vatnsmýrinni, flutti hey og mykju á prömmum yfir Tjörnina, en hann hafði fjós við hús sitt í Lækjargötu 8.

Það er varla að tilefnislausu sem svo var mælt fyrir í 54. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 1890: „Safni úr salernum má enginn kasta í Tjörnina.“

Nokkurt fuglalíf var á Tjörninni áður fyrr, en því hefur þó farið mjög fram á síðustu áratugum því að áður var það alsíða að menn skytu þar fugla sér til búdrýginda og hirtu egg svo sem þeir gátu. Í Þjóðólfi birtist sumarið 1869 auglýsing frá Guðmundi Lambertsen þar sem hann lýsir „forboði sínu móti því, að skot eða aðrar veiðar verði viðhafðar í Tjarnarendanum eður engjastykki því“ sem hann hafði þar. Ásókn í slægju var mikil alla síðastliðna öld. Sefið í Tjörninni þótti eftirsóknarvert í þessu sambandi og var leiga eftir það lengi tilgreind meðal tekjuliða í bæjarráðningum. Við Tjörnina munu nú verpa að staðaldri nokkrar andategundir, þar á meðal æðarfugl, svo og kría og álf. Svartbakur hefur verið nokkuð áleitinn á þessum slóðum, en reynt hefur verið að bægja honum burt. Um 40–50 tegundir fugla sjást árlega við Tjörnina en alls munu þar hafa sést um 80 tegundir.

Áður fyrr var nokkuð um ál í Tjörninni. Hann gat orðið allt að eitt pund að þyngd og notuðu einstaka menn hann eitthvað til matar. Állinn mun hafa dáið út er Tjörninn botnfröus frostaveturrinn 1917–1918. Nú eru þar hornsíli ein fiska. Ýmiss konar sníkjudýr í botnleðju Tjarnarinnar eru mikilvæg fyrir fuglalífið þar.

Gömul saga hermir að eitt sinni hafi Tjörninn verið full af laxi og silungi og hafi bræður tveir, annar í *Hlíðarhúsum* en hinn í Skálholtskoti, átt saman veiðina. Þá greindi á um veiðiréttinn og endaði sú deila með heitingum þeirra á milli og varð afleiðingin sú að öll veiði hvarf úr Tjörninni. Þessi saga er til í fleiri en einni gerð.

Þá er og sagt að nykur haldi til í Tjörninni annað hvort ár en sé hitt árið í Hafravatni og séu göng á milli neðan jarðar. Ekki hefur sú kynjaskepna látið á sér bæra í minni núlifandi manna svo vitað sé.

Allt frá því að *Nordalsíshús* tók til starfa var ístaka á Tjörninni nokkuð þýðingarmikill þáttur í bæjarlífinu enda risu þar þrjú íshús til þjónustu við togaraútgerðina, svo og til matvælagæmslu: *Herðubreið* við Fríkirkjuveg, *Ísbjörninn* við Skothúsveg og íshúsið við Tjarnargötu (*Brunnhús*). Veturinn 1924–1925 voru teknir hátt í 5000 rúmmetrar af ís á Tjörninni handa þessum fjórum íshúsum og var ísinn fluttur á sleðum upp bryggjustúf sem gerður var í þessu skyni við norðanverða Tjörnina, Lækjargötumegin, og er þar enn. Bæjarsjóður hafði nokkrar tekjur af leyfum fyrir ístöku. Vinnan við ístökuna var vösbúðarverk en talin nokkur atvinnubót á sínum tíma. Ístaka á Tjörninni mun hafa lagst niður um og upp úr 1940.

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um framkvæmdir í Tjörninni. Þekktust er eflaust ráðhúsbyggingin sem samþykkt var að reisa í norðurenda Tjarnarinnar árið 1955 en aldrei kom til neinna framkvæmda við það verk. Hugmyndin um ráðhús þar kom vist fram upphaflega í svipaðri tillögu frá 1927. Hún var áréttuð í skipulagi því sem staðfest var 1967. Þá gerði Gísli Halldórsson verkfræðingur miklar áætlanir um frumlegan baðstað í syðri hluta Tjarnarinnar sem ekki náðu fram að ganga.

Tvö myndverk hafa verið sett upp í Tjörninni. Á hólma í syðsta hluta Tjarnarinnar stóð meira en þrjú áratugi stytta Þorfinns karlsefnis eftir Einar Jónsson, en hún var síðan flutt og sett upp við Hrafnistu. Hið eina sem minnir nú á vist sæfarans á þessum stað er nafnið á hólmanum, en hann er nefndur Þorfinnshólmi. Hin stytta var árið 1960 sett upp á stöpul fram undan *Ráðherrabústaðnum*. Það var stytta Hafmeyjan eftir Nínu Sæmundsson. Miklar deilur risu um verkið og þá ekki síst staðarvalið. Lauk þeim deilum með óvenju-sögulegum hætti því að á gamlárskvöld þetta sama ár var hún sprengd í loft upp og hefur það mál aldrei verið upplýst.

Oft var um það rætt að vel gæti farið á því að gerður yrði gosbrunnur í Tjörninni. Sú hugmynd átti þó jafnan undir högg að sækja. Þegar svo einn sendiherra Bandaríkjanna héraendis, L. Replogle, gaf borginni gosbrunn var hann þó settur upp í Tjörninni skömmu fyrir 1980 í samræmi við ósk gefanda.

Fylgiskjal IV.

Tillaga náttúruverndarnefndar Reykjavíkur um Tjörnina.

Lögð fyrir fund hjá skipulagsstjóra ríkisins 27. mars 1968.

Þá mætti að lokum geta þess að nefndin telur ástæðu til þess að haft sé eftirlit með Tjörninni og umhverfi hennar. Að ekki sé skert flatarmál hennar, hreinlæti vatnsins sé ekki spillt, að fuglar hafi þar friðland og sérstaklega sé kríunni helgaður hólminn og yfirleitt sé dýralíf og gróður Tjarnarinnar varðveittur.

(Í náttúruverndarnefnd Reykjavíkur áttu þá sæti: Ármann Snævarr, formaður, Kristján Eldjárn og Sigurður Þórarinsson.)